

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Hrafnagilshrepps, Saurbæjarhrepps og Öngulsstaðahrepps í Eyjafjarðarsýslu.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 14. október 1990 staðfest sameiningu Hrafnagilshrepps, Saurbæjarhrepps og Öngulsstaðahrepps í Eyjafjarðarsýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram laugardaginn 17. nóvember 1990, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosningu, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosningu að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 1. janúar 1991.

Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytið, 14. október 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Heimsljós.

Undirritaðir aðilar hafa orðið ásáttir um að gera með sér eftirfarandi samning um að stofna sjálfseignarstofnun.

1. gr.

Stofnunin heitir Heimsljós. Lögheimili stofnunarinnar er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að stuðla að breytingu á vitund fólks og lífsháttum. Að auka lífsfyllingu einstaklinga með samstillingu líkama, hugar og sálar og nota til þess lífsspeki Yogi Amrit Desai og kripalu hreyfingarinnar.

Til að ná fram markmiði stofnunarinnar hefur verið komið á fót jógakennslu og fræðslu um iðkunina, kennslu í djúpöndun, hugleiðslu og slökun. Stofnunin mun halda skemmri og lengri námskeið, sem stuðla eiga að andlegum vexti og þroska einstaklingsins. Skapa vettvang þar sem fólk getur starfað saman, tekið ábyrgð á eigin lífi og unnið að sjálfsþroska.

3. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 411 600 og er það greitt af stofnfélögum. Stofnfé skal ávaxta á tryggilegan hátt. Stofnféð má ekki skerða.

4. gr.

Tekjur stofnunarinnar verða framlög og gjafir er því berast svo og tekjur af starfsemi stofnunarinnar, auk vaxta.

5. gr.

Eftirtaldir skipa stjórn stofnunarinnar:

Jón Ágúst Guðjónsson, kt. 230251-5079, Jörfabakka 10, Reykjavík, gjaldkeri. Sigurður G. Pálmason, kt. 130854-5839, Ásenda 1, Reykjavík, formaður og Helga Mogensen, kt. 120454-4639, Vegghömrum 15, Reykjavík, ritari.

Falli einhver stjórnarmanna, af einhverjum ástæðum, úr stjórn, skal stjórnin tilnefna annan í hans stað. Ef ágreiningur verður um tilnefningu, skal um hana kosið. Engin varastjórn er í stofnun þessari.

Framkvæmdastjóri stofnunarinnar er ráðinn af stjórn, og er hann nú Helga Mogensen.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar ber að halda gerðabók fyrir stofnunina, færa í hana skipulagsskrá, fundarsamþykktir og annað er varðar hag og rekstur stofnunarinnar, tekjur og gjöld og færa í hana ársreikninga stofnunarinnar. Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Stjórnin semur reikninga stofnunarinnar árlega og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar getur breytt skipulagsskrá þessari eða ákveðið að leggja hana niður, ef hún er einhuga um það og skulu þá eignir hennar renna til Guðspekifélagsins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 28. september 1990.

Helga Mogensen.

Sigurður Pálmason.

Jón Ágúst Guðjónsson.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. október 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.